

## Umsóknir, breytingar og skilmálar

Skráning í frístundaheimili fer fram á „Mínum síðum“ á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) og skal fara fram fyrir **15. júní fyrir haustönn**, sem er ágúst til og með desember, og fyrir **1. desember fyrir vorönn**, sem er janúar til og með júní. Uppsögn fyrir vorönn verður að tilkynna fyrir **15. desember** annars framlengist umsókn til og með júní.

**Mikilvægt er að fram komi ef barn þarf á stuðningi að halda.**

foreldrar geta valið um fjölda daga sem þeir kaupa fyrir barnið. Síðdegishressing er innifalin.

**Foreldrar fá svar frá viðkomandi deildastjóra hvenær barn má hefja vistun.**

Undantekning er gerð ef barn er að flytja milli hverfa eða úr Hafnarfirði þá er hægt að segja upp vistun fyrir **15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi næstu mánaðarmót**. Einnig ef um langtíma veikindi er að ræða eða ófyrirsjáanlegar beytingar.

**Uppsögn er send til deildarstjóra á viðkomandi frístundaheimili.**

Ef barn er að flytja milli hverfa eða til Hafnarfjarðar utan skráningartíma eða upp koma ófyrirsjáanlegar breytingar þá er hægt að sækja um vistun/breytingu hjá viðkomandi deildastjóra frístundaheimilis.

Breytingar sem foreldrar vilja gera á umsóknum sem falla ekki undir þessi skilyrði geta gert breytingar fyrir **haustönn frá 1. september til 15. september** og tekur breytingin gild þann 1. október og fyrir **vorönn frá 1. janúar til 15. janúar** og tekur breytingin gildi 1. febrúar.

Breytingar fara fram á „Mínum síðum“ á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Sækja þarf um systkinaafslátt vegna **haustannar fyrir 15. ágúst** og vegna **vorannar fyrir 15. desember**.

Gjald fyrir vistun í frístundaheimili er innheimt fyrirfram með bankakröfu. Gjald dagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum eftir gjalddaga. (Greiðsla fyrir veru í frístundaheimili vegna ágúst- og september mánaðar ár hvert er þó á gjalddaga þann 20. september og eindagi þann 5. október.) Fimm dögum síðar er send út innheimtuviðvörðun með innheimtukostnaði og 15 dögum síðar er ógreidd krafa send þeim aðila sem sér um milli innheimtu fyrir Hafnarfjarðarbær með tilheyrandi kostnaði. Gjald fyrir vistun í ágúst innheimtist með september á gjalddaga 20. september og gjald fyrir vistun í júní innheimtist með maí á gjalddaga 1. maí. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra, hafi þrjár mánaðargreiðslur ekki borist, skv. verklagsreglum. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskóla- og frístundaheimilisgjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns.

Virðingafyllst



Fanney Dórothe Halldórsdóttir

Sviðstjóri Fræðslu- og frístundaþjónust Hafnarfjarðar.